



Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent
Kápmynd: Hrafnagilsskóli
Umbrot: Elín G. Einarsdóttir

© 2017 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Leigumál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Aðstoð og upplýsingagjöf	7
Fundir, námskeið og aðrir viðburðir	7
Framlag til funda og málstofa	10
Mannréttindafræðsla	10
Fjölmíðlar og opinber umræða	10
ERLENT SAMSTARF	12
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	12
Evrópuráðið	14
Evrópusambandið	14
Norrænt samstarf	14
Uppbyggingarsjóður EES	14
Skýrslur til alþjóðlegra nefnda	15
Heimsóknir félagasamtaka	16
Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX	16

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök fimmtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, samtökum mannréttindastofnana og í norrænu samstarfi auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla á ýmsum vettvangi, átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, lögfræðiráðgjöf við innflytjendur, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2016 voru ýmis verkefni tengd hlutverki skrifstofunnar sem tengiliðar og samstarfsaðila við frjáls félagasamtök og skipuleggjendur í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES, auk þess að flytja erindi

eða taka þátt í pallborðsumræðum á ýmsum málþingum og ráðstefnum.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. um mismunun, hatursræðu og mannréttindi almennt. Kvenréttindafélag Íslands og MRSÍ skiluðu sameiginlegri skýrslu til Kvennáttarnefndar Sp, en nefndin tók Ísland fyrir í mars 2016. Jafnframt skilaði skrifstofan, í samvinnu við nokkur félagasamtök, skýrslu vegna UPR (Universal Periodic Review) sem er eftirlitsvettvangur á vegum Sp og var Ísland tekið fyrir þann 1. sóvember 2016. Skrifstofan svaraði einnig á tímabilinu erindum frá ýmsum alþjóðlegum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og héraendis, frá sendiráði Bandaríkjanna og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Skrifstofan sinnti einnig lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt þjónustusamningi við velferðarráðuneyti. Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, stýrihópi um innleiðingu aðgerðaáætlunar gegn mansali 2013-2016, á vegum innanríkisráðuneytis, samráðshópi um mansal á vegum velferðarráðuneytisins, nefnd um málefni hinsegin fólks, samráðshópi um konur frið og öryggi, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga, teymi um málefni innflytjenda o.fl. Loks tók skrifstofan að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila við framkvæmd alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávísun einstaklinga frá Íslandi, sem höfðu komið til landsins og óskað alþjóðlegrar verndar.

MRSÍ nýtur fjárframlags vegna samstarfs- og þjónustusamninga við innanríkis- utanríkis og velferðarráðuneyti. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóra

AÐILDARFÉLÖG og stjórn

Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn

Á aðalfundi 2016 var Kitty Anderson sjálfkjörin formaður stjórnar til tveggja ára, Hugrún Hjaltadóttir bauð sig fram til varaformanns og Ragnheiður Sverrisdóttir til gjaldkera. Voru þær einnig sjálfkjörnar þar sem ekkert mótframboð barst. Kjörnefnd var og sjálfkjörin því einungis þrír buðu sig fram, þau Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Bjarni Jónsson og Kolbrún Baldursdóttir. Endurskoðandi skrifstofunnar var kjörinn Hjalti Ragnar Eiríksson hjá Deloitte. Sérfræðingar stjórnarinnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller, Hjördís Hákonardóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeld:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz
Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Kolbrún Baldursdóttir
Varafultrúi: Erna Reynisdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir
Varafultrúi: Arnór Bjarki Blomsterberg

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst P. Árnason
Varafultrúi: Aðalheiður Ámundadóttir

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Þórdís Ingadóttir
Varafultrúi: Gunnar Þór Pétursson

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir
Varafultrúi: Bjarni Gíslason

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Hugrún R. Hjaltadóttir
Varafultrúi: Tryggvi Hallgrímsson

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
Varafultrúi: Snæfríður Ólafsdóttir

Landssamtökin Geðhjálp:

Aðalfulltrúi: Hrannar Jónsson
Varafultrúi: Sveinn Rúnar Hauksson

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Gerður Árnadóttir
Varafultrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Kristín Hjálmtýsdóttir
Varafultrúi: Nína Helgadóttir

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Kitty Anderson
Varafultrúi: Auður Magnús Auðardóttir

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson
Varafultrúi: Hope Knútsson

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Hanna Eiríksdóttir
Varafultrúi: Álfheiður Anna Pétursdóttir

Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon
Varafultrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

FJÁRMÁL og rekstur

Fjármál

Á árinu 2014 var gerður samningur við innanríkisráðuneytið, til ársloka 2018, um 12 milljón króna árlegt framlag til skrifstofunnar. Með þessu fyrirkomulagi var styrkt við starfsemi skrifstofunnar þar sem henni er nú kleift að gera skýrari langtímaáætlanir á grundvelli öruggara rekstrarumhverfis.

Með samningnum er lagt til grundvallar að skrifstofan styðjist við Parísarviðmið Sp í starfsemi sinni, um leið og starfseminni er veittur styrkur til lengri tíma og sjálfstæði skrifstofunnar undirstrikað. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið gildir til ársloka 2018, en hann hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur.

Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var framlengdur til eins árs og kemur starfseminni einnig til góða. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastýra MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Elín G. Einarsdóttir, lögfræðingur, gegndi fullu starfi við skrifstofuna allt árið 2016. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Á árinu 2016 voru samtals 5 starfsmenn á skrifstofunni, 1 íslenskur, 1 þýskur, 1 frá Suður Kóreu, 1 ítalskur og 1 pólskur. Framkvæmdastýra og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og

aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

MRSÍ hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastýra og starfsfólk hafa nú eigin skrifstofur, og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagsambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtökin, þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

Leigumál

Jafnréttisstofa og Siðmennt leigja skrifstofur hjá MRSÍ og Fjölmenningarsetrið hefur þar aðstöðu, m.a. fyrir upplýsingasíma sinn. Jafnréttisstofa hefur leigt skrifstofu sína frá janúar 2011 en Siðmennt fluttist inn í sína skrifstofu 1. september 2015. Skrifstofan endurnýjaði leigusamning við Hallveigarstaði þar sem ein skrifstofan var undanskilin og leigir Vinstrihreyfingin grænt framboð hana nú af Hallveigarstöðum.



Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofan er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík.

Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Bókasafnið

Þann 9. apríl 2015 afhenti MRSÍ Landbókasafni/ Þjóðarbóklöðu bókasafn sitt að gjöf. Var það einkum gert í þeim tilgangi að það kæmi betur að notum þar sem afar lítið var um að leitað væri eftir bókum til útlána.

Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Árið 2014 var nýrri vefsíðu komið í upp og er efni hennar mun aðgengilegra en áður var. Slóðin er www.humanrights.is. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla.

Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni fyrri ára, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmála Sp og vefleikinn Flóttu. Vefurinn er uppfærður eftir því sem kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. safnað saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar www.humanrights.is:

- **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna**
- **Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**
- **Bann við mismunun**
- **Mannréttindi í þrængingum**
- **Réttindi transgender fólks á Íslandi**
- **Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar**



Bjarni Jónsson, fráfarandi formaður, er hér leystur frá störfum með gjöf.

STARFSEMIN

innanlands

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála með síðari breytingum (gjafsókn). 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 1085 - 657. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um húsnæðisbætur. 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 565 - 407. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almennar íbúðir. 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 643 - 435. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytingar á hegningalögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi). 145. löggjafarþing 2015 - 2016. Þingskjal nr. 547 - 401. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytingar á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum. 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal 284 - 259. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla). 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal 1087 - 659. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra. 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 14 - 14. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning vegna tæknifrjógana. 145. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 20 - 20. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar). 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal nr. 732 - 458. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, með síðari breytingum (kærunefnd, fjölgun nefndarmanna). 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 897 - 560. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stuðning Íslands við að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla. 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 68 - 68. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis. 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 30 - 30. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um málefni aldraðra, nr. 158/1999 (réttur til sambúðar á stofnun). 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 452 - 352. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 1104 - 676. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um útlendinga. 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 1180 - 728. mál.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastýra var á árinu 2016 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna velferðarvaktina og vinnuhóp hennar um sárafátækt, samráðshóp um aðgerðir gegn mansali á vegum innanríkisráðuneytis, samráðs- og samhæfingarteymi um mansal á vegum velferðarráðuneytis, Fagråd MARK-Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsóknna, nefnd um málefni hinsegin fólks, nefnd um málefni geðsjúkra fanga, starfshóp vegna hatursglæpa og samstarfshóp um Bjarkarhlíð- miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og samráðshóp til að auka framgang og framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325. Framkvæmdastýrai MRSÍ er og tengiliður Íslands í Norrænu verkefni um fræðslu og aðgerðir gegn hatursorðræðu og kynjahyggju á netinu.

Framkvæmdastýra situr einnig í teymi um málefni innflytjenda, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og tengslaneti umboðsmanns barna.

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.



Samstarfssamningur við velferðarráðuneytið

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri MRSÍ, við undirritun samnings við Velferðarráðuneytið.

Fundir, námskeið og aðrir viðburðir

Saman gegn ofbeldi

Í mars 2016 var framkvæmdastýra MRSÍ fengin á fund verkefnastjórnar Saman gegn ofbeldi. Hennar framlag í umræðuna laut að kynbundnu ofbeldi enda er meginmarkið átaksins að útrýma heimilisofbeldi.

Málþing um Istanbúlsamninginn

Þann 8. apríl hélt MRSÍ, í samstarfi við Jafnréttisstofu, málþing um Istanbúlsamninginn og innleiðingu hans. Yfirskrift þingsins var Istanbúlsamningurinn: Hinn gullni mælikvarði á meðferð kynferðisbrotamála. Fyrirlestrarir voru mjög áhugaverðir, m.a. fjallaði Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, um hver þessi Istanbúlsamningur væri og hversvegna hann skipti máli á Íslandi, Líneik Anna Sævarsdóttir þingkona Framsóknarflokksins og nefndarmaður í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis velti fyrir sér hvort fleira þyrfti til en lagabreytingar til að ná markmiðum samningsins, María Rún Bjarnadóttir, doktorsnemi í mannréttindum og internetrétti við Sussex háskóla flutti erindi um Istanbúlsamninginn og internetið og Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta flutti erindi er kallaðist: Istanbúlsamningurinn: Hinn gullni mælikvarði á meðferð kynferðisbrotamála. Framkvæmdastýra MRSÍ, hélt einnig erindi sem fjallaði um hverju þyrfti að breyta í íslenski löggjöf til að innleiða Istanbúlsamninginn hér á landi.

Fundur með framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE

Í júní fór framkvæmdastýra MRSÍ á fund framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE, þar sem m.a. var rætt var um starf skrifstofunnar gegn hatursorðræðu og kynjahyggju á netinu.

Fundur með Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins

Þann 8. og 9. júní sat framkvæmdastýra MRSÍ fundi með mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og skipulagði fundi hans með frjálsum félagasamtökum. Í heimsókn sinni lagði fulltrúinn einkum áherslu á fullgildingu samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks og stofnun innlendrar mannréttindastofnunar.

Fundur fólksins

Í september hélt MRSÍ, í samstarfi við Fjölmíðlanefnd, málþing um hatursorðræðu sem hafði yfirskriftina „Hættum að hata“. Fundurinn var haldinn í Norræna húsinu og var framkvæmdastýra MRSÍ einn fyrirlesara og sat í pallborði ásamt Unnsteini Manuel Stefánssyni, Uglu Stefaníu Kristjónudóttur Jónsdóttur, Kolbeini Tuma Daðasyni og Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttir.

Bridge Builders

Á árinu hélt framkvæmdastýra MRSÍ bæði til Parísar og London vegna Erasmus verkefnis sem nefnist Bridge builders. Samstarfsaðilar skrifstofunnar í Bretlandi eru Law for Life og AVIJED í París. Verkefnið miðar að því að búa til fræðsluefni og upplýsingar fyrir lykilmál innan innflytjendasamfélaga svo það geti síðan miðlað upplýsingunum áfram. Þannig þekki innflytjendur réttindi sín í nýja landinu betur og geti gætt þeirra.

Ráðstefna í Búdapest

Í október 2016 var framkvæmdastjóra MRSÍ boðin þátttaka í ráðstefnu um hatursorðræðu sem haldin var í Búdapest. Þar flutti hún erindi um aðgerðir MRSÍ gegn hatursorðræðu.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin dagana 14. – 21. mars 2016, með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Yfirskrift vikunnar þetta árið var „Hönd í hönd“ og er hönnuður vörumerkisins Arna Rún Gústafsdóttir. Líkt og fyrri ár hélt MRSÍ utan um skipulagningu vikunnar í samstarfi við ýmis félagasamtök víðsvegar um landið. Meðal annars tóku Rauði Kross Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Ungliðahreyfing Rauða Krossins þátt í Evrópuvikunni.

Markmið verkefnisins var sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamisrétti og einnig að fræða þau um hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamisréttis, hvernig sporna megi við því, osfrv.

Auk þess að fræðast um kynþáttmisrétti tókust nemendur og starfsfólk í yfir 20 leik- og grunnskólum um land allt, hönd í hönd í kringum skólabyggingar sínar til að sýna samstöðu með margbreytileikanum. Það er verkefni sem hóf göngu sína 2015 í tengslum við átakið og ætlunin er að halda því gangandi um ókomin ár.

Jafnframt skrifuðu yfir 1000 ungmenni persónuleg póstkort sem send voru til handahófsvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.



Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Ákveðið var að hafa logo vikunnar það sama og í fyrra í stað þess að skipta því út frá ári til árs. Þetta verður til þess að fleiri þekki ákatið og taki þátt í verkefnum þess.



16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Árið 2016 hélt MRSÍ utan um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi líkt og síðustu ár og tók þátt í framkvæmd og skipulagningu þess. 16 daga átakið er alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi sem rekja má aftur til ársins 1991. Stendur átakið yfir frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Var tímabil þetta valið til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.



Þema ársins 2016 var það sama og undanfarin ár eða frá heimilisfriði til heimsfriðar og var yfirskrift þess: Fræðsla til friðar, framtíðar og femínisma.

Ýmsir viðburðir voru skipulagðir víðs vegar um land, þar á meðal dagleg greinarskrif sem síðan birtust á www.visir.is og sumar einnig í Fréttablaðinu. Þá var friðarkaffi haldið, ljósagöngur, málþing og margt fleira. Gekk átakið í heild ákaflega vel fyrir sig og verður sífellt umfangsmeira frá ári til árs.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og átak síðustu ára má finna á heimasíðu MRSÍ, www.humanrights.is og á facebook síðu átaksins, www.facebook.com/16dagar.

Ráðstefna í Finnlandi

Í lok nóvember sótti fulltrúi MRSÍ ráðstefnu til Helsinki þar sem unnið var með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þetta var eins konar umræðufundur þar sem þátttakendum var skipt upp í hópa og síðan varpað upp hugmyndum.

Höfuðáhersla var lögð á að velja því upp hvort einhver markmiðanna væru mikilvægari en önnur og hvort ætti þá að leggja frekari áherslu á þau. Hver hópur kynnti afrakstur vinnunnar og var ráðstefnan vel heppnuð.

Málþing um hatursorðræðu og kynjahyggju

Þann 1. desember flutti fulltrúi MRSÍ erindi á Málþingi um Hatursorðræðu og kynjahyggju sem haldið var í Kaupmannahöfn. Erindið fjallaði um hatursorðræðu og gildandi lög og reglugerðir þess efnis. Mörg góð erindi voru flutt á málþinginu og mun næsta þing fara fram á Íslandi í mars 2017.

Hönd í Hönd

Líkt og fyrr segir var yfirskrift átaksins hönd í hönd og tókust grunnskólanemar hönd í hönd utan um skólabyggjnar sínar í Krikaskóla í Mosfellsbæ endurðu þau með óhefðundnum hætti og gáfu skólabyggingunni koss.

Íslensk skuggaskýrsla fyrir Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Í mars var Ísland tekið fyrir af nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, en hún starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sp. Í kjölfarið sendi nefndin tilmæli til Íslenskra stjórnvalda um hvað betur megji fara í jafnréttismálum hér á landi. Lagði nefndin sérstaka áherslu á ofbeldi gegn konum og nauðsyn þess að fjölga konum í lögreglunni og Hæstarétti. Tilmælin tóku mið af ýmsum athugasemdum sem MRSÍ og Kvenréttindafélag Íslands tilgreindu í skuggaskýrslu sinni til nefndarinnar, en þar var bent á brotalamir í lagasetningu og áætlunum stjórnvalda og hvað betur megji fara í starfi opinberra aðila til að vinna gegn mismunum gagnvart konum. Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum, eða Kvennasáttmálann eins og hann er betur þekktur, árið 1985.

Framlag til funda og málstofa

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt erindi á hinum ýmsu fundum og málstofum á liðnu ári má þar nefna erindi sem hún flutti á fundi Félags eldri borgara, um réttindi aldraðra og einnig hjá Rotaryklúbbi Reykjavíkur um starfsemi MRSÍ. Þá tók skrifstofan einnig þátt í fræðslu og fundum eftir því sem hér segir:

Fræðsla um CEDAW

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt fræðslu um CEDAW fyrir Jafnréttisfulltrúa stjórnarráðsins. CEDAW stendur fyrir “The Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women” þ.e. sáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Markmið hans er að berjast gegn hvers kyns mismunum gegn konum. Ísland fullgilti sáttmálann árið 1985 og MRSÍ, ásamt Kvenréttindafélagi Íslands, skilaði skuggaskýrslu til CEDAW nefndarinnar vegna fyriröku Íslands, líkt og fyrr greinir í skýrslu þessari.

Fundur með GRETA nefndinni

Framkvæmdastýra MRSÍ fór á fund sérfræðihóps GRETA en það er sérfræðingahópur á sviði aðgerða gegn mansali og hefur hann eftirlit með því að aðildarríki framfylgi og innleiði Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali. Skrifstofan sendi hópnum upplýsingar um mansal við undirbúning skýrslu um Ísland.

Fundur með ECRI; nefnd Evrópuráðsins um kynþáttafordóma og umburðarleysi

Framkvæmdastýra MRSÍ fundaði í apríl með ECRI nefndinni til að fylgja eftir og gefa viðbótarupplýsingar við skuggaskýrslu skrifstofunnar til nefndarinnar á árinu 2015. ECRI nefndin er nefnd á vegum Evrópuráðsins og fjallar hún um aðgerðir gegn kynþáttafordómum og stöðu mála í aðildarríkjum Evrópuráðsins hvað varðar kynþáttafordóma og umburðarleysi.

Upplýsingagjöf til ýmissa alþjóðlegra aðila

Líkt og undanfarin ár hefur skrifstofan komið að upplýsingagjöf til ýmissa alþjóðlegra aðila og má þar nefna Ráðherraráð Norðurlandaráðs, Sendinefnd ESB og sendiráð Bandaríkjanna og Svíþjóðar.

Mannréttindafræðsla

MRSÍ var m.a. með fræðslu um mismunum, mansal og mannréttindi fyrir ýmsa hópa, eins og t.d. ýmsa vinnustaði og stofnanir, félagsráðgjafarnema o.fl.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Talsvert var um að fjölmiðlar hefðu samband við Mannréttindaskrifstofuna á árinu 2016. Voru erindin margvísleg en lutu oftast að atvikum eða álitafnum sem til umræðu voru hverju sinni, eins og mansali, málefnum innflytjenda, hatursorðræðu og síðast en ekki síst málefnum flóttamanna.



Icelandic Human Rights Centre
Icelandic Women's Rights Association

**Icelandic Íslenska
Shadow Report skuggaskýrslan
for CEDAW fyrir Kvennasáttmálann
2016**

Íslenska skuggaskýrslan fyrir Kvennasáttmálann

Mannréttindaskrifstofa Íslands ásamt Kvenréttindafélagi Íslands skiluðu skuggaskýrslu kvenna til nefndar Sameinuðu þjóðanna.

ERLENT samstarf

MRSÍ er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi um kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastýra MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunninnar.

Eftirfarandi 50 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi

Mannréttindaskrifstofa Íslands er m.a. meðlimur á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnenda UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum þeirra samtaka.



16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal la e Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, Univeristy of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre,



AHRI

Evrópuráðið

Upplýsingafundur með Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins

Þann 8. júní sat framkvæmdastýra MRSÍ fund með Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og tveimur starfsmönnum hans og sat fyrir svörum um stöðu mannréttindamála á Íslandi. Hún skipulagði enn fremur og sat fundi með frjálsum félagasamtökum sem Mannréttindafulltrúinn hafði áhuga á að hitta. Í heimsókn sinni lagði hann áherslu á fullgildingu samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks annars vegar og stofnun innlendirar mannréttindastofnunar hins vegar. Átti hann m.a. fundi með fulltrúum innanríkis- og velferðarráðuneyta vegna þessa.

Fundur með Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi

Framkvæmdastýra MRSÍ skilaði, á árinu 2015, skýrslu um stöðu mála á Íslandi til Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi. Í apríl 2016 heimsóttu nefndarmenn Ísland og átti framkvæmdastýra fund með þeim þar sem hún skýrði efni skýrslunnar nánar og sat fyrir svörum.

Evrópusambandið

MRSÍ á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-Discrimination and Diversity Training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna

og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenskri löggjöf gegn mismunun.

Norrænt samstarf

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.

Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES (áður Þróunarsjóður EFTA) var stofnaður af EFTA ríkjum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðunum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti



eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af styrkveitendarríkjunum þremur.

MRSÍ heldur utan um þá hlið sjóðsins er snýr að frjálsum félagasamtökum. Á árinu tók skrifstofan á móti ýmsum hópum frá Rúmeníu, Búlgaríu, Grikklandi, Slóveníu og Litháen. Framkvæmdastýra MRSÍ fór einnig til Búdapest í október og hélt erindi um skýrslu og aðgerðir skrifstofunnar gegn hatursorðræðu. Tengdist það verkefnum sem styrkt voru af Uppbyggingarsjóði EES.

Einnig heimsóttu hópar og einstaklingar frá frjálsum félagasamtökum í hinum mismunandi löndum skrifstofuna og önnur félagasamtök á Íslandi til að fræðast um íslenskar aðstæður og störf félagasamtaka, en oftast er haft samband fyrst við skrifstofuna og starfsfólk aðstoðar þá við að koma á fundum milli áhugasamra aðila.

Samstarfsverkefni styrkt af uppbyggingarsjóði EES

MRSÍ var samstarfsaðili við félagasamtök í Tékklandi, Póllandi og Litháen en þeim verkefnum er lokið. Tengdust þau mannréttindafræðslu, gerð skuggaskýrslna, skóla án aðgreiningar og eftirliti með stjórnvöldum.

Skýrslur til alþjóðlegra nefnda

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) og MRSÍ skiluðu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda til nefndar um afnám allrar mismunar gegn konum en hún starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sp. Í mars 2016 var Ísland tekið fyrir af nefndinni og tóku tilmæli nefndarinnar til íslenskra stjórnvalda til greina ýmsar athugasemdir sem gerðar voru í skýrslu MRSÍ og KRFÍ.

MRSÍ skilaði einnig viðbótarskýrslu vegna UPR (Universal Periodic Review) en Ísland var tekið fyrir af öðrum aðildarríkjum Sp þann 1. nóvember. Skýrslan var unnið í samstarfi við KRFÍ, Stígamót, WOMEN, Kvennaráðgjöfina og Amnesty international.



Heimsóknir félagasamtaka

MRSÍ fékk margar heimsóknir á árinu frá hinum ýmsu félagasamtökum víðsvegar að úr heiminum.

Rúmensk félagasamtök í heimsókn

Þann 8. apríl heimsóttu rúmensk félagasamtök MRSÍ og fengu fræðslu um störf skrifstofunnar. Heimsókn þessi var í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES.

Búlgörsk og litháísk félagasamtök

Í júní heimsóttu Búlgörsk og litháísk félagasamtök skrifstofuna og fræddust almennt um mannréttindi á Íslandi sem og starf skrifstofunnar. Heimsókn þessi var í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES.

Gestir frá Slóvakíu

31. ágúst heimsóttu konur frá slóvakískum félagasamtökum skrifstofuna í þeim tilgangi að taka þátt í dagskrá til kynningar á íslenskum félagasamtökum og til að fræðast um hvernig unnið sé að réttindum barna á Íslandi. Heimsókn þessi var, sem hinar, í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES.

Grísk félagasamtök

Þann 10. október fékk skrifstofan heimsókn frá grískum félagasamtökum. Hélt framkvæmdastýra MRSÍ fyrirlestur um störf stofunnar og almenn mannréttindi á Íslandi.

Heimsókn frá Búkarest

Þann 18. október heimsóttu skrifstofuna hópur Rúmena sem höfðu ferðast til Íslands í þeim erindagjörðum að fræðast um íslensk félagasamtök. Framkvæmdastýra hélt fyrir þau fyrirlestur um störf stofunnar.

Heimsókn frá Litháen

Þann 7. nóvember heimsóttu okkur litháísk félagasamtök. Fengu þau almenna fræðslu um mannréttindi á Íslandi sem og að fræðast um störf skrifstofunnar.

Grísk félagasamtök

9. nóvember tók skrifstofan, ásamt fleiri félagastamtökum s.s. Kvenréttindafélaginu, á móti stórum hópi Grikkja sem höfðu komið í þeim tilgangi að fræðast um íslensk félagasamtök. Skrifstofan fræddi þau um störf stofunnar sem og tók á móti almennum spurningum úr sal.

Landamærostofnun Evrópu - FRONTEX

Óháð eftirlit með framkvæmd Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávísun umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Íslandi

MRSÍ barst erindi frá Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra þar sem óskað var eftir því að skrifstofan tæki að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila (Human Rights Monitor) með framkvæmd frávísunar umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi í þeim tilvikum sem Útlendingastofnun synjar umsókn. Aðgerðirnar eru framkvæmdar af íslensku lögreglunni, í samstarfi við FRONTEX (Landamærostofnun Evrópu), að beiðni Útlendingastofnunar og innanríkisráðuneytisins.

Fulltrúi MRSÍ fór í heildina fimm eftirlitsferðir á árinu 2016. Um var að ræða bæði albanska og makedónska umsækjendur og var þeim flogið til síns heima í leiguvélum, af tilliti til hagsmuna þeirra, í stað hefðbundinnar framkvæmdar sem hefði þýtt að fljúga í almennu áætlanarflugi með tilheyrandi millilendingum og öðrum óþægindum sem af því kynnu að hljóta.

Gengu ferðirnar vel fyrir sig og mun MRSÍ halda áfram að gegna þessu eftirlitshlutverki á nýju ári.

